

# Stjórnarfundur Leiðsagnar

22. nóvember 2021 kl. 17:00

Boðaður fundur stjórnar og varamanna.

Mættir: Friðrik Rafnsson formaður, Snorri Steinn Sigurðsson varaformaður, Jakob S. Jónsson ritari, Valva Árnadóttir gjaldkeri, Sigrún Pálsdóttir varamaður, Guðný Emilsdóttir varamaður.

Harpa Björnsdóttir meðstjórnandi tók þátt í gegnum fjarfundakerfið Zoom.

Hjörtur Howser varamaður svaraði ekki fundarboði.

1.	<b>Fundur settur</b>	Formaður setur fundinn og býður fundarfólk velkomið.		
2.	<b>Fundargerð síðastu fundar</b>	Fundargerð síðasta fundar 18.10. samþykkt með athugasemd frá GME um kjör í fagdeild.		
3.	<b>Skipan í kjaranefnd og næsti trúnaðarráðsfundur</b>	<p>IHP kom með tillögu á síðasta trúnaðarráðsfundi sem var samþykkt þar. Athuga með hug núverandi aðila í kjaranefnd til áframhaldandi setu, en nú þegar hafa JSJ, SSS, VÁ og GME lýst yfir vilja til þess. Nokkrir aðrir aðilar hafa eftir auglýsingu meðal félagsmanna lýst yfir áhuga á að taka að sér trúnaðarstörf fyrir félagið. Kynnt og rætt og samþykkt að athuga hvort Leifur Björnsson sé til í að sitja í kjaranefnd, en hann hefur reynslu af trúnaðarmannastörfum á vinnustað og kjaramálum.</p> <p>HB spyr hvort einhvern tíma hafi verið greitt fyrir störf kjaranefndar og viðræðunefndar í fyrri samningalotum. Hvorki formaður né varaformaður þekkja til þess en JSJ segir að hann sem formaður kjaranefndar hafi einu sinni fengið lága upphæð vegna mikillar vinnu sinnar. Segir hann kjaranefnd undir miklu vinnuálagi þegar unnið sé að samningum við SAF og nú sé framundan á næsta ári stíf samningalota. Því sé mikilvægt að það fólk sem tekur að sér störf í kjaranefnd geri sér grein fyrir því og gefi sig af fullum krafti í þessa vinnu, því ekki sé í boði að stökkva frá í miðri samningagerð. Rætt um þaulsetur í nefndum og 6 ára regluna þar að lútandi, en líka um nauðsyn reynslu, einkum í gerð kjarasamninga.</p> <p>Samþykkt að boða til trúnaðarráðsfundar þann 3. 12. Fyrir fundinn þarf að leggja til samþykktar tillögu stjórnar um skipan Leifs í kjaranefndina. Samþykkt að boða Hjalta Tómasson hjá Báranni á Selfossi á þann fund til að ræða vinnustaðaeftirlit.</p>	U Á U Á Á	Friðrik Friðrik
4.	<b>Skipan í aðrar nefndir</b>	<p>Samþykkt að skipa Sigrúnu Pálsdóttur sem fulltrúa stjórnar í fræðslunefnd.</p> <p>Samþykkt að skipa Kristínu Sætran sem fulltrúa stjórnar í ritnefnd.</p>	Á Á	

		<p>Umræða um nauðsyn alþjóðanefndar, en nú sitja í henni Pétur Gunnarsson og Ragnheiður Ármannsdóttir en vantar fulltrúa stjórnar.</p> <p>Rætt val á seinni fulltrúa stjórnar til setu í lagabreytinganefnd, en sá sem hafði verið tilgreindur á fyrri fundum hefur verið ásakaður um kynferðislega áreitni og ekki talið heppilegt að svo stöddu að fá hann til starfa fyrir LS. Samþykkt að halda fyrsta fund lagabreytinganefndar þrátt fyrir að enn vanti einn aðila í hana og fara yfir lagabreytingatillögurnar sem komu fram fyrir aðalfundinn 2021 og var vísað til nefndarinnar. Áfram leitað til áhugasamra félaga til að skipa síðasta aðilann í nefndina svo hún sé fullmönnuð þeim 7 aðilum sem fá það hlutverk að yfirfara lög LS fyrir aðalfundinn 2022.</p> <p>Rætt um að samræma þurfi lög LS og reglugerð sjúkrasjóðs vegna mótsagnar varðandi val á stjórn sjúkrasjóðs.</p>	U		
			U		
			Á	Friðrik	
			U		
5.	<b>Fagdeildin</b>	<p>Rætt um mikilvægi fagdeildar varðandi fagleg málefni og eins eru fagdeildargjöldin mikilvæg fyrir rekstur LS. SSS kynnrir að félagar í Fagdeild voru 618 í lok árs 2021 en 165 félagar í LS eru ekki í fagdeildinni. Samtals eru 400 manns í stéttarfélaginu, af þeim eru 318 félagar með kosningarétt (hafa greitt lágmarksgjaldið eða meira). Skv. þessu er það nokkur stór hluti fagdeildarfólks sem greiðir aðeins fagdeildargjöld en ekki til stéttarfélagsins. Rætt um nauðsyn þess að lög LS verði skýrari um félagsrétt þeirra.</p> <p>SP talar um nauðsyn þess að hafa fleiri fagheiti, t.d. þegar félagalistinn verður settur á heimasíðuna, t.d. til að ná utan um þá 165 sem ekki eru í fagdeildinni.</p> <p>Rætt í framhaldinu um menntunarmálin, Evrópustaðalinn og skýrslur frá 2018 og 2021. Samþykkt að taka báðar skýrslurnar til ítarlegrar umræðu stjórnar síðar.</p>	U		
			U		
			Á	Stjórn	
6.	<b>Starfshlutfall starfsmanns á skrifstofu.</b>	<p>Umræða um hækkað starfshlutfall starfsmanns í 75%. Formaður tilkynnir að hækkað starfshlutfall hafi tekið gildi 1. 10. skv. samþykkt stjórnar en eftir á að ganga frá starfslýsingu og ráðningasamningi. Ákveðið að fresta lokafrágangi samnings til næsta fundar.</p>	U	Friðrik	
			Á	Valva Ragnh.	
7.	<b>Heimasíðan</b>	<p>Reiknivélin er því sem næst tilbúin, þarf að tengja við síðustu launatöflur, orlof o.fl.. Þarf að vera bæði á íslensku og ensku, jafnvel á pólsku.</p> <p>SSS hefur farið yfir heimasíðumál með Aroni hjá Filmís. Rætt um að heimasíðan sé klúðursleg og þurfi endurbætur. GME upplýsir að grunnur heimasíðunnar hafi verið fenginn frá Verkalýðsfélagi Akraness (ca 2019-2020) til að spara og Vilborg Anna (sem sat í fyrri stjórn) hafi tekið að sér að endurhanna hana svo hún hentaði LS og fékk greitt fyrir. Sá VAB um að setja inn fréttir, fundargerðir og slíkt. Talin nauðsyn á að fleiri</p>	U	Snorri	
			U		

		<p>hafi líka þessa þekkingu, einkum starfsmaður skrifstofu. Nú er SSS kominn með grunnaðgang og getur sett inn fréttir, fundargerðir og leiðréttingar ef þarf.</p> <p>Rætt um nauðsyn þess að koma félagatalinu á heimasíðuna sem fyrst. SP hefur sent tillögu sína að veftré á Aron hjá Filmís sem er að vinna í þessu. Ætti tillaga að vera tilbúin frá honum um miðjan desember. Formaður leggur til að SP haldi utan um þetta.</p> <p>Rætt um nauðsyn kannana meðal félagsmanna, til þess þarf að útbúa góða spurningalista. Hægt að gera slíka könnun í gegnum heimasíðuna (aukakostnaður) en einnig hægt að nota kerfi eins og Survey monkey.</p>	U	Snorri
			U	Sigrún
			U	Stjórn
8.	<b>Tengslavinna</b>	<p>FR og SSS höfðu samband við Félag íslenskra fjallaleiðsögumanna (AIMG) og vilja boða formanns þess á fund í byrjun desember til að ræða samstarf þessara tveggja skyldu félaga og jafnvel inngöngu AIMG í LS sem sérstakrar fagdeildar. Í AIMG eru núna ca 156 félagar, það er eingöngu fagfélag sem byggir á sértækri menntun í jökla- og fjallaleiðsögn. Voru áður í félagi leiðsögumanna en viðskilnaður varð upp úr aldamótunum.</p> <p>Formaður segir einnig frá fundi með Landsbjörgu, SAF og Almannavörnum á Suðurlandi um öryggismál í kjölfar alvarlegs slyss í Reynisfjöru. Segir mikilvægt að LS sé með í þessu samtali, en gleymist oft. Jónas Guðmundsson hjá Landsbjörgu vill koma á sérstakan fund leiðsögumanna og ræða öryggismál, áfallahjálp og fleira sem varðar starf leiðsögumanna. Tekur fræðslunefnd að sér að skipuleggja það.</p>	Á U U	Friðrik Snorri  Guðný Sigrún
9.	<b>Undirbúningur afmælisárs</b>	FR og SSS hafa kannað kostnað við útgáfu 12. bls. fylgiblaðs hjá Fréttablaðinu. Kostnaður yrði um 1,5 milljón en sala auglýsinga komi að stórum hluta á móti. Myndu blaðamenn Fréttablaðsins sjá um að skrifa greinar og taka viðtöl, sem þarf að vinna nokkrum mánuðum fyrir útgáfuna og tillögur þurfa að koma frá okkur. Fara þeir FR og SSS á annan fund með Fréttablaðinu á morgun og fá skýrari mynd. Einnig þarf bókarari að gefa upp hvort félagið hafi efni á þessum kostnaði og öðrum sem fylgir því að fagna afmælisárinu.	U	Snorri Friðrik
10.	<b>Siðareglur</b>	Siðareglur LS eru frá árinu 1989 og þurfa nauðsynlega að uppfærast. HB hefur gert tillögu að nýjum siðareglum sem lagðar eru fram til umræðu. Formaður leggur til að leitað verði sérfræðiráðgjafar hjá Siðfræðistofnun og er það samþykkt. JSJ bendir einnig á siðareglur UNWTO (World Tourism Organization) sem finna má á heimasíðu Ferðamálastofu.	U Á	Friðrik
11.	<b>Önnur mál</b>	a) Starfshópur Menntamálastofnunar um menntun leiðsögumanna hefur verið settur á laggirnar. Er það í framhaldi af vinnu starfshóps Ferðamálaráðuneytisins. LS hefur verið boðin þátttaka og	U	

		<p>munu Friðrik, Jakob og G.Harpa mæta á fyrsta fund starfshópsins f.h. LS. Enn á ný rætt um menntunina, námsskrána og staðla til grundvallar. JSJ minnir á að skólarnir hafi haft 13 ár til að skila inn nýjum námsskrám síðan staðlarnir tóku gildi 2008.</p> <p>b) Námskeið á vegum ASÍ. FR segir stefnt að 1 námskeiði strax eftir áramótin, en fyrst væri gott að kanna áhuga meðal félagsmanna og þeirra sem gegna trúnaðarstörfum.</p> <p>c) Blóðmerahald. SP óskar eftir því að stjórn LS bregðist við átakanlegri heimildarmynd sem sýnir ofbeldisfulla blóðtöku á fylfullum merum til framleiðslu á hormónum. Samþykkt að skrifa ályktun til birtingar og taka FR og SP að sér að útbúa hana.</p> <p>d) JSJ leggur í lok fundar fram greinargerð þar sem hann mótmælir ýmsu í ritun fundargerðar frá 6.9. sem varðar úrsögn hans úr stjórn og trúnaðarráði. JSJ vill að greinargerðin sé lögð fram sem bókun sín á þessum fundi og segir ekki þörf á frekari umræðu þar um. [Þar sem aðeins hluti fundarmanna fær þessi gögn í hendur og efnið er ekki tekið til efnislegrar umræðu, telst þetta ekki tækt sem bókun. Leitað verður til lögfræðings ASÍ til að skera úr um málið, en fram að því litið á greinargerðina sem erindi til stjórnar.]</p>		
			U	Friðrik Jakob
			U	
			Á	Sigrún Friðrik
				Friðrik
	<b>Fundi slitið 18:30</b>			

Fundargerð staðfest:

---

Friðrik Rafnsson, formaður

---

Harpa Björnsdóttir, ritari